




VAÐÖLDUVER (BÚRFELLSLUNDUR)

Greinargerð með útgáfu framkvæmdaleyfis

Rangárþing ytra

09.09.2024



1 INNGANGUR

Lögð er fram greinargerð um afgreiðslu framkvæmdaleyfis sveitarfélagsins Rangárþings ytra vegna vindorkuvers við Vaðöldu (Búrfellslundar). Greinargerðin er unnin í samræmi við 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Þar segir:

„Leyfisveitandi skal taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar. Hafi Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótvægisáðgerðir eða vöktun, sbr. 24. gr., skal það koma fram í leyfinu.“

Í reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 segir jafnframt:

„Leyfisveitandi getur bundið framkvæmdaleyfi skilyrðum og skulu þau koma fram í framkvæmdaleyfi. Heimilt er að binda framkvæmdaleyfi skilyrðum:

- a. um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir, vöktun og öryggisráðstafanir til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið, menningarmínjar og náttúrufyrirbæri, eða til að tryggja öryggi. Skipulagsskilmálar skulu vera ritaðir í framkvæmdaleyfið;*
- b. er fram koma í áliti eða ákvörðunum Skipulagsstofnunar eða umsögnum umsagnaraðila vegna málsmeðferðar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, að svo miklu leyti sem aðrir sem veita leyfi til framkvæmda samkvæmt öðrum lögum hafa ekki tekið afstöðu til þeirra.“*

Landsvirkjun hefur sótt um framkvæmdaleyfi vegna Vaðölduvers með umsókn dags. 02.09.2024. Leyfi þetta er bundið við þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í hönnunargögnum sem fylgdu framkvæmdaleyfisumsókn, sem fjallað er um í umhverfismati og eru í samræmi við deiliskipulag.

Eftirfarandi gögn fylgdu umsókninni:

Greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi vindorkuvers við Vaðöldu, dags. 02.09.2024 ásamt eftirfarandi viðaukum:

Fylgiskjal 1 - Teikningar og yfirlitsmyndir af framkvæmd

Fylgiskjal 2 - Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Búrfellslundar

Fylgiskjal 3 - Deiliskipulag Búrfellslundar

Fylgiskjal 4 - Útgefið virkjunarleyfi

Fylgiskjal 5 - Samningur við íslenska ríkið um lands- og vindorkuréttindi


Á síðari stigum verður sótt um frekari leyfi vegna uppbyggingar vindlundar, þ.á.m. efnistöku, gerð áningarstaðar og byggingar vindmylla og tengivirkis.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hefjist framkvæmd ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað.

2 UM FRAMKVÆMDINA

2.1 Staðsetning

Framkvæmdin tekur til uppbyggingar vindorkuvers sem verður staðsett á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu, nánar tiltekið við Vaðöldu sunnan Sultartangastíflu sem liggur við upphaf Sprengisandsleiðar (26). Vindorkuverið er alfarið innan sveitarfélagamarka Rangárþings ytra. Innan framkvæmdasvæðis eru línuvegir, háspennulínur, reiðvegir, slóðar og flóðvarnargarðar.



Mynd 1 Staðsetning fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Mynd frá Verkís úr fylgiskjöllum umsóknar.

2.2 Umfang framkvæmdar

Framkvæmdasvæðið er um 17 km² að stærð og er innan þess svæðis sem var til skoðunar í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist haustið 2024 með vegagerð og uppsetningu vinnubúða. Flutningur á vindmyllum er áætlaður inn á svæðið fyrri hluta árs 2026 og vindorkuverið verði tekið í notkun síðla árs 2026. Frágangi og landmótun verði lokið árið 2027.

Uppbygging gerir ráð fyrir að reisa allt að 120 MW vindorkuver með allt að 30 vindmyllum. Turnhæð vindmylla er áætluð að verði allt að 95 m og hámarkshæð allt að 150 m þegar spaðar eru í efstu stöðu. Vindmyllurnar verða reistar á steypum undirstöðum sem verða að mestu undir yfirborði. Við hverja vindmyllu þarf að útbúa vinnuplan, sem stendur áfram á rekstartíma vindorkuversins, auk tímabundins athafnasvæðis sem er frágengið í lok framkvæmdartíma. Þá verður gert ráð fyrir uppbyggingu tengivirkis innan framkvæmdasvæðis hvar orka verður tengd inn á núverandi háspennulínu, en skv. aðalskipulagi er gert ráð fyrir þrem háspennulínum um skipulagssvæðið, Sigöldulínu, Hrauneyjarfosslínu og Búðarháslínu.

Aðkoma inn á svæðið verður á tveimur stöðum og lagðir verða vegir innan framkvæmdasvæðis alls um 23 km að lengd. Vegir eru að jafnaði 5 m breiðir að meðtöldum öxlum og með mætiútskotum. Almennt verða rafstrengir, ljósleiðarar o.fl. lagðir meðfram vegum.

Gert er ráð fyrir að reisa tímabundnar vinnubúðir með matsal, skrifstofu og hreinlætisaðstöðu ásamt geymslusvæði og steypustöð á framkvæmdartíma.

Skoðað verður í samráði sveitarfélags og framkvæmdaraðila með gerð áningarstaðar innan svæðis, þar sem gert er ráð fyrir að útbúa bílastæði og gönguleið fyrir almenning um svæðið og upp á Vaðöldu.

Framkvæmdin skal samræmast samþykktum uppdráttum, lýsingu á framkvæmd og þeim lögum og reglugerðum sem gilda um framkvæmdaleyfi.

Hönnunargögn fylgja með framkvæmdaleyfisumsókn Landsvirkjunar, sbr. reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

3 SKIPULAGSÁÆTLANIR

Að mati sveitarstjórnar er framkvæmdin í fullu samræmi við gildandi skipulagsáætlanir á svæðinu.

Í júní 2022 samþykkti Alþingi virkjanakostinn Búrfellslund (R4301B) í nýtingarflokk rammaáætlunar í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og við afgreiðslu þingsályktunar nr. 24/152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana og er sveitarfélögum því ekki heimilt að víkja frá ákvörðunum Alþingis og er framkvæmdin í samræmi við hana.

Umhverfismat framkvæmdar lauk 2016 og er framkvæmd innan þess mats. Framkvæmdaraðili hefur verulega dregið úr umfangi framkvæmdar í samræmi við athugasemdir og ábendingar sem bárust við umhverfismat, m.a. hefur uppbyggingarsvæðið minnkað og er nú framkvæmdin sjálf alfarið innan sveitarfélagamarka Rangárþings ytra. Framkvæmdin er háð þeim skilmálum sem fram koma í álit Skipulagsstofnunar.

Framkvæmdin er háð skilmálum í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028, sjá einkum breytingu á aðalskipulaginu sem tók gildi 24.05.2024, þar sem framkvæmdasvæðið var skilgreint sem iðnaðarsvæði 125 þar sem gert er ráð fyrir vindorkuveri með vinnslu upp á allt að 120 MW, að hámarki 30 vindmyllur.

Framkvæmdin er háð þeim skilmálum sem getið er um í deiliskipulagi Búrfellslundar, staðfest 28.05.2024.

4 SKILYRÐI FRAMKVÆMDALEYFIS

Vaðölduver (Búrfellslundur) er matsskyld framkvæmd. Mati á umhverfisáhrifum Búrfellslundar lauk í desember 2016 og álit Skipulagsstofnunar lá fyrir 21.12.2016. Eftirfarandi eru skilyrði um vöktun, eftirlit og mótvægisáðgerðir sem sett eru fram af leyfisveitanda. Skilyrðin byggja á álit Skipulagsstofnunar, skilmálum úr skipulagsgögnum (aðal- og deiliskipulag). Gerð er grein fyrir nauðsynlegum leyfum sem leyfishafa er skylt að afla fyrir framkvæmdina.

4.1 Skilyrði Skipulagsstofnunar

Brugðist hefur verið við álit Skipulagsstofnunar, þeim athugasemdum/umsögnum sem bárust í umhverfismatinu og í ferli 3. áfanga rammaáætlunar. Vindorkuverið hefur verið útfært til samræmis við niðurstöður mats á umhverfisáhrifum framkvæmda frá 2016 og mati á umhverfisáhrifum áætlana frá 2023. Skipulagsstofnun lagði áherslu á að ráðist væri í viðeigandi mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.



- Lítið rask verður á jarðmyndunum við veglagningu og aðrar framkvæmdir. Í deiliskipulagi voru framkvæmdasvæði og byggingarreitir afmarkaðir þröngt til að draga úr raski. Verndargildi jarðmyndana telst ekki mikið á svæðinu. Framkvæmdaaðili sinni eftirliti á framkvæmdatíma sem miðar að því að lágmarka allt jarðrask og þá skal sérstaklega hugað að hraunmyndunum sem kunna að finnast, s.s. gervigígum.
- Framkvæmdaaðili endurheimti gróðursvæði sem tapast vegna framkvæmda með uppgræðslu í samvinnu við Hekluskóga og Land og skóg. Stefnt verði að því að græða upp a.m.k. jafn stór svæði og þau sem tapast.
- Engar fornminjar eru taldar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en á framkvæmdartíma verður fylgst með hvort óþekktar minjar finnast. Mótvægisáðgerðir því óþarfar.
- Framkvæmdaaðili vinni með sveitarfélögum og ferðapjónustuaðilum á svæðinu að möguleikum vindorkuversins sem nýju tækifæri í ferðamennsku.
- Framkvæmdaaðili noti niðurstöður greiningar á sýnileika vindmylla þegar að endanlegri staðsetningu þeirra kemur, til að minnka ásýnd eins og kostur er. Þá skal hugað að litavali og að lágmarka flugöryggisljós. Landmótun og frágangur á svæðinu skal móta að aðliggjandi landi eins og hægt er.
- Framkvæmdaaðili vakti hljóðstig starfseminnar á rekstartíma.
- Framkvæmdaaðili hafi samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands vegna rannsókna, vöktunar og mótvægisáðgerða vegna mögulegra áhrifa á fuglalíf.

4.2 Leyfi sem framkvæmdin er háð

- Rammaáætlun; áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Búrfellslundur var samþykktur í orkunýtingarflokk 3. áfanga rammaáætlunar 15. júní 2022.
- Leyfi Minjastofnunar Íslands ef hreyfa þarf við fornleifum, samanber 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Leyfi Minjastofnunar liggur fyrir í bréfi frá 26. nóvember 2021.
- Virkjunarleyfi Orkustofnunar til að reisa og reka ný raforkuver samanber 4., 5. og 6. gr. raforkulaga nr. 65/2003 m.s.br. Virkjunarleyfi frá Orkustofnun liggur fyrir í bréfi frá 12. ágúst 2024.
- Byggingarleyfi byggingarfulltrúa samanber 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd sveitarfélagsins vegna reksturs virkjunarinnar, sbr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
- Starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd sveitarfélagsins fyrir tímabundinni vinnuaðstöðu sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit (viðauki X).
- Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024.
- Leyfi forsætisráðuneytis fyrir nýtingu á landi í samræmi við ákvæði laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Fyrir liggur samningur við

Íslenska ríkið um lands- og vindorkuréttindi, dags. 14. ágúst 2024. Gildistími er 35 ár með möguleika á 15 ára framlengingu.

4.3 Skilyrði leyfisveitanda

Sveitarstjórn gerir þær mótvægisáðgerðir og verklag sem fram koma í matsskýrslu og umsókn um framkvæmdaleyfi að skilyrðum fyrir framkvæmd.

Framkvæmdaleyfi á svæðinu er bundið eftirfarandi skilyrðum:

- Framkvæmdin skal unnin í samræmi við fyrirliggjandi gögn. Leyfishafa er skylt að óska samþykkis leyfisveitanda fyrir breytingum á framkvæmdinni.
- Leyfishafi skal fylgja gildandi skipulagi við framkvæmdirnar.
- Leyfishafi skal fylgja nauðsynlegum mótvægisáðgerðum og áætlunum um vöktun sem hann hefur boðað í umsókn sinni, til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að tryggja öryggi.
- Öll gjöld og kostnaður skulu greidd.
- Sveitarfélagið gefur út leyfi í samræmi við fyrirliggjandi hönnunargögn fyrir hluta framkvæmdarinnar. Ekki liggja fyrir hönnunargögn fyrir alla áfanga framkvæmdarinnar. Fullunnin og samþykkt hönnunargögn skal leggja fyrir áður en leyfi er gefið út fyrir einstaka áfanga framkvæmdarinnar.
- Skipulagsfulltrúi hefur í umboði sveitarstjórnar heimild til að hafa reglubundið eftirlit með framkvæmdinni. Sjái skipulagsfulltrúi tilefni til er honum heimilt að skipa, í samráði við framkvæmdaraðila og aðrar leyfisveitendur, sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt skv. reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.
- Við lok líftíma verkefnisins skal fara eftir skilmálum deiliskipulags í kafla 2.13 um frágang framkvæmdarsvæðis og kafla 2.15 um niðurrif vindmylla.

Allar breytingar á framkvæmd skal tilkynna til sveitarfélagsins og Skipulagsstofnunar.

Framkvæmdaleyfi tekur gildi þegar gjöld hafa verið greidd, sbr. 13. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Framkvæmdaraðila ber að hafa framkvæmdaleyfi aðgengilegt á verkstað á framkvæmdatíma.

Afrit af framkvæmdaleyfi verður sent til Umhverfisstofnunar sbr. 6. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.